

107

19. sept.

FORSETABRÉF

um að reglulegt Alþingi 1947 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn
1. október 1947.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Að ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1947 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október 1947.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni, og hefst hún kl. 13,30.

Ritað í Reykjavík, 19. september 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

108

19. sept.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, á þann veg, að heimilt verði að skipa þá, er lokið hafa fyrir 1. janúar 1949 kennara- eða meistaraþrófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, kennara við skóla gagnfræðastigsins, enda þótt þeir eigi hafi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum, þar eð skortur sé á mönnum til kennslustarfa við nefnda skóla og störf skólanna hefjist innan fárra daga.

Með skirskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Aftan við a-lið 37. gr. laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám, bætist:

Þó má skipa menn, er lokið hafa kennaraþrófi eða meistaraþrófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, innan ársloka 1948, kennara við skóla gagnfræðastigsins, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Gjört í Reykjavík, 19. september 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.